

Fyrirspurn

**til mennta- og menningarmálaráðherra um
hreyfingu og svefn grunnskólabarna.**

Frá Ólafi Þór Gunnarssyni.

1. Telur ráðherra vænlegt, með tilliti til niðurstaðna rannsókna á hreyfingu og svefni reyk-vískra ungmenna sem birtust í 2. tbl. 104. árg. *Læknablaðsins*, að leita samstarfs við íþróttahreyfinguna um það verkefni að auka hreyfingu grunnskólabarna og hvernig fær best á skipulagi slíks samstarfs?
2. Hvaða kröfur ætti að gera um menntun þeirra sem mundu annast íþróttakennslu og þjálfun í samstarfi grunnskóla og íþróttafélags?
3. Mun ráðherra stuðla að frekari rannsóknum á hreyfingu og svefnvenjum barna og ung-menna til að afla fyllri vitneskju um þau málefni?
4. Hvaða úrræði telur ráðherra koma til greina til að stuðla að því að börn og ungmenni fái meiri svefn en þau fá nú samkvæmt niðurstöðum fyrrgreindra rannsókna?